

| tíska | tíðarandinn | heilsa | leikhús | pistlar | matur | stjörnuþá |

# birta

horfumst í augu

MATUR

» Ótrúlega mjúkur  
kjúklingur

TÍSKA

» Svalar  
poppstjörnur

EDDA BJÖRG

» Töfrandi sveimhugi

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
25. - 31. ágúst

L' O R

Óendanleg augnhár,

Skref 1

Styrkjandi og  
lengjandi grunnur  
með tvisvar sinnum  
meira Ceramide R.  
Útkoma: allt að 70%  
lengri augnhár.

NÝR MASKARI

DOUBLE

“Engin málamiðlun í mínum maskara.”



# É

# A

# L

PARIS

## kolsvört!



Skref 2  
Í fyrsta sinn  
hreinar kolagnir.  
Útkoma: enn  
dekkri\* svartur  
litur augnháranna.

\* prófað í samanburði  
við venjulegan maskara.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILID.

## EXTENSION CARBON BLACK



L'ORÉAL  
PARIS

# Þetta er hárnæring




Hjá Násmannaþjónustu Sparisjóðsins gerir þú mikið úr litlu. Gott dæmi um það eru ódýrari námsbækur og föt, þú færð 10% afslátt af öllum vörum í Office 1 og Retro auk frábærra annarra tilboða. Fáðu góða aðstoð við fjármálin svo þú getir gert mikið úr litlu. Nánari upplýsingar á [www.spar.is](http://www.spar.is) eða í næsta sparisjóði. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Gerðu **mikið** úr litlu!

Egg er frábær hárnæring og eggjahvítu er líka hægt að nota fyrir gel. Nuddaðu egginu í hárið, biðdu nokkrar mínútur og skolaðu vel. Náttúrulegt, ódýrt og skemmtilegt!





### Petta helst

- 7 Gengið menntaveginna
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi: Nýr lífsstíll
- 10 Brennsla Hafsteins Júlíussonar
- 12 Drottningar um stund

### Greinar og viðtöl

- 14 Tákn, mál og tunga
- 16 Edda Björg Eyjólfsdóttir: Skipulögð í óreiðunni
- 22 Langaði að vinna með ljósið

### Hann/hún

- 26 Ótrúlega mjúkur kjúklingur
- 28 Fyrst og fremst áhorfendaleikhús
- 32 Stíll stjarnanna: Svalir með eindæmum
- 34 Sigríður Björg Tómasdóttir elur upp
- 34 Einn, tveir og þrír
- 36 Mars og Venus í hreiðurleit
- 38 Uppruni hlutanna: Sólgleraugun
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspa
- 42 Í röð og reglu: Silja Aðalsteinsdóttir
- 44 Að velja rétta vatnsmelónu
- 46 Tannheilsa barna

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp í næstu viku
- 68 Sudoku



**birta**

25. – 31. ágúst 2006 nr. 34

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir (ábm.)  
 steinunn@frettabladid.is  
 Kristín Eva Þórhallsdóttir  
 kristineva@frettabladid.is  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is  
 Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797  
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796  
 Gréta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772  
 Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Arnór Bogason og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FORSÍÐUMYND: Valli  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

# BOÐEIND.IS

## Þú þarft ekki að leita lengra ! Verð og gæði sem þú hefur ekki efni að missa af !

### Vegna gríðalega mikillar eftirspurnar höfum við framlengt tilboðið á Asus A6VM - 30 þús. króna afsláttur á skóladögum Boðeindar. Verð aðeins 109.900,- stgr.

### Hvar og hvenær sem er með Boðeind



Allar fartölvur frá Boðeind eru árgerð 2006  
Með öllum fartölvum frá Boðeind kemur Microsoft XP Professional (nauðsynlegt í skólann)  
og fylgir Norton internet vírusvörn, fartölvutaska og optical mús frítt með

Allar vélar eru Microsoft Vista samhæfðar  
Kauptu aðeins Vista samhæfða fartölvu  
Boðeind ehf. í 19 ár  
Mörkin 6 - 108 Rvk. 588 2061

Hægt er að fá staðgreiðslutölvukaupalán frá VIS, TM og VISA til allt að 36 mánaða

Almennt verð í verslun kr. 139.900,- Almennt verð í verslun kr. 144.536,- Almennt verð í verslun kr. 176.679,- Almennt verð í verslun kr. 203.464,-  
**Skólatilboð kr. 109.900 stgr. Skólatilboð kr. 134.900 stgr. Skólatilboð kr. 164.900 stgr. Skólatilboð kr. 189.900 stgr.**  
ef pantað er á [bodeind.is](http://bodeind.is) ef pantað er á [bodeind.is](http://bodeind.is) ef pantað er á [Bodeind.is](http://Bodeind.is) ef pantað er á [Bodeind.is](http://Bodeind.is)



Hágæða 1,3MP MSN  
vefmyndavél + hjjóðnemi  
í LCD skjá



**ASUS A6VM - GeForce GO 7300 256MB**  
15.4" WideScreen (1280x800)  
Glare type háskerpuskjár  
Intel Pentium Mobile Dothan 740  
1.73GHz - L2 2MB  
Minni 1GB DDR2 PC533 - Mest 2GB  
Harður diskur 100GB  
Skjákort nVidia GeForce GO 7300  
með 256MB TURBOCACHE minni  
8x DVD Dual layer brennari  
Práðlaust netkort - Kortalesari  
MSN/Skype vefmyndavél 1,3MP &  
hjjóðnemi - Blue tooth  
Windows XP Professional  
Islenskt lykilorð

**ASUS A6F Aðeins 1,9 kg - 2 örgjörvar**  
14.1" WideScreen (1280x800)  
Glare type háskerpuskjár  
Intel Mobile Duo core  
T2050 @ 1,66GHz/2MB  
Minni 1GB DDR2 PC533 - Mest 2GB  
Harður diskur 80GB  
Skjáort: Intel 945GM  
8x DVD Dual layer brennari  
Práðlaust netkort - Kortalesari  
MSN vefmyndavél 1,3MP & hjjóðnemi  
TV út Blue Tooth 2.0, 10/100 lan  
Windows XP Professional

**ASUS A6T - AMD X2 TL52 Dual Core**  
2x örgjörvar - Leikjavél  
15.4" WideScreen (1280x800)  
Glare type háskerpuskjár  
AMD M Turion X2 TL52 DUO Core 64bita  
Harður diskur 100GB 5400rpm  
nVidia GeForceGO 7600 512MB m.  
Turbo Cache minni  
8x DVD Dual layer super multi brennari  
Práðlaust netkort - LAN 10/100/1000  
Kortalesari - Blue Tooth  
MSN/Skype vefmyndavél 1,3MP &  
hjjóðnemi - Windows XP Professional  
Islenskt lykilorð

**ASUS A6JM - 2x örgjörvar**  
Tilbúin í World of Warcraft  
Þessi er notuð á leikjamótum  
15.4" WideScreen (1280x800)  
Glare type háskerpuskjár  
Intel P Mobile T2400 1.83GHz DUO CORE  
Minni 1GB DDR2 PC533 - Mest 2GB  
Harður diskur 80GB 5400rpm  
Skjáort nVidia GeForce GO 7600 512MB  
8x DVD Dual layer super multi brennari  
Práðlaust netkort - Kortalesari  
MSN/Skype vefmyndavél 1.3MP & hjjóðnemi  
4x USB2.0 - 1x FireWire  
Windows XP Professional  
Islenskt lykilorð



Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreytingar

Texti: KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR  
Mynd: HÖRÐUR

## Gengið menntavegin

Stærsta stundin er runnin upp hjá sex ára börnum þessa lands og skólagangan er formlega hafin. Hér eftir mun hver dagur hefjast á göngu í skólann með stóra og þunga tösku á bakinu, sem börnin setja þó ekki fyrir sig þar sem þau hafa elst, stækkað og styrkst um helming á því augnabliki sem þau stígu fæti í skólann í fyrsta sinn. Þó sex ára manneskjur séu ekki háar í loftinu eru þær stórhuga og takast á við þetta skemmtilega verkefni af miklum eldmóði. Foreldrarnir eiga þó erfiðara með að horfa á eftir litlu ungunum sínum þenja vængina til flugs, og færast aðeins nær sjálfstæði og þeim degi sem þau munu yfirgefa hreiðrið. Þau þurfa þó enn á mömmu og pabba að halda til að vísa þeim veginn, smyrja handa þeim gott nesti og sjá til þess að þau séu vel undirbúin fyrir það sem mætir þeim á degi hverjum.



| heitt & kalt |

**Heitt**

**SKÓLINN** Allir nemendur landsins eru fullir af eldmóði og bjartsýni. Spurning hversu lengi það endist.

**GRÍMUPARTÍ** Mikil stemning og búningurinn mun halda áfram að skemmta þér og öðrum ef farið er í honum niður í bæ.

**YFIRMENN** Geta verið þínu pirrandi en hafa óþolandi oft rétt fyrir sér.

**FRANSKAR KARTÖFLUR** Óheyrilega óhollar en eru samt alls staðar.

**ÚTVÍÐAR GALLABUXUR** eru alveg búnar. Pröngar skálmur eða beint snið er það eina sem blífur.

**Hvort**

**Hvorki heitt né kalt**

**Vró stofuhita**

**Ískalt**

# NÝTT OG BETRA LÍF

**H**austið boðar komandi vetur, nýja byrjun, nýtt upphaf. Þessi nýja byrjun þarf þó ekki að felast í nýju námi, nýrri vinnu eða öðrum breytingum á aðstæðum því yfirleitt á mesta breytingin sér stað í huga fólks. Þeir eru margir sem vilja taka veturinn með trompi, og setja sér því háleit markmið um að bæta sig á sem flestum sviðum. Og vilja gera betur þennan vetur en þann síðasta eins og að horfa minna á sjónvarp, lesa meira, hreyfa sig meira, hætta í namminu, leika oftar við börnin, djamma minna, læra meira... Leiðirnar til að bæta líf sitt eru óþrjótandi. Það er samt hollara fyrir sálina að hafa markmiðin frekar færri en fleiri og nógu raunsæ svo meiri líkur séu á að ná þeim. Þegar vetri lýkur er nýjum áföngum fagnað og slett ærlega úr klaufunum að vori.

## ÁTAK Í RÆKTINNI

Kroppurinn er tekinn í gegn. Líkamsræktarstöðvarnar fyllast og byrjað er á hinum ýmsu námskeiðum.



**RÆKTA ÁSTARSAMBANDIÐ** Það er mikilvægt að leggja rækt við ástarsambandið og taka því ekki sem sjálfsgöðum hlut. Það er gott að taka stundum til í sambandinu, gefa því tíma og hlúa að því.

**SKIPULEGGJA TÍMANN BETUR** Allt of langir vinnudagar og hversdagsleikinn gleypa hverja vikuna á fætur annari. Þá er um að gera að skipuleggja sig betur. Taka frá tíma í dagbókinni fyrir vini, fjölskyldu, áhugamál, ræktina og önnur hugðarefni sem eru gefandi.



**HAFNA SIG MEIRA TIL** Auka tíu mínútur á morgnana geta gert kraftaverk og bjargað deginum. Það eykur sjálfstraustið, léttir lundina og styrkir útgeislunina.

**BORÐA MEIRA GRÆNMETI** Mataræðið er lítið gagnrýnum augum. Grillkjötið, björinn, pylsurnar og hamborgararnir hverfa með grillveðrinu og grænmetið kemur ferskt inn.




Herrar

Heimilið

Börn

Snyrtivörur

Dömur



Debenhams 5 ára

# Ný verzlun á sama stað

Ný merki, nýtt skipulag!



## DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!



**brennslan mín ...**  
Hafsteinn Júlíusson

## Elektró-partí-búgí brennsla

Hafsteinn Júlíusson, hönnunarnemi í LHÍ, er mikill tónlistaráhugamaður og laðast sérstaklega að elektróstuði, hiphop-i og gömlu grúví. „Tónlistaráhuginn byrjaði að þróast í þessa átt um miðjan menntskólaaldurinn þegar pabbi fór að kynna mér gömul „eitís“ grúvlög,“ útskýrir Hafsteinn. Hann segist oft taka með sér mixdiska í partí sem honum finnst skemmtilegri en skemmtistaðir. „Pau eru miklu persónulegri og hvað er betra en að koma sér í gott stuð með vinum sínum áður en fólk kemur sér niður í bæ?“

- LAG 1** **Hot Chip - Over and Over.** Án efa partílag ársins og kemur öllum í stuð.
- LAG 2** **The Knife - We Share Our Mothers Health.** Sænskur og sexi systradúett sem heldur fólkinu heitu án þess að toppa.
- LAG 3** **Biggie Smalls - Unbeliveble.** Besti rappari allra tíma og fær alla til að hrista bossann.
- LAG 4** **Bobby Brown - My Prerogative.** Smá húmor til þess að koma fólkinu í gírinn. Líka gott að setja Bobby snemma á áður en hann verður of kókaður og lemur Whitney.
- LAG 5** **Uffie - Ready to Uff.** Nýtt og tryllt elektró-gamlaskóla-hip-hop. Kynþokkafullt, sveitt og pínu dónalegt.
- LAG 6** **Rick James - Give it to Me Baby.** Það toppar enginn Rick James í svalleika sem kemur öllum í gott diskógrúv.
- LAG 7** **Cindy Lauper - Girls Just Want to Have Fun.** Lag sem nær öllum á gólfíð, hvort sem það eru strákar eða stelpur. Klassískur hittari.
- LAG 8** **Sveittir gangaverðir - Boogie Boogie.** Ein besta partíveit sem uppi hefur verið. Synd að þeir hafa ekki gefið út plötu en ég held í vonina.
- LAG 9** **Lo-Fi-Fnk - Change Channel.** Annar stuðduétt frá Svíðþjóð. Rosalegt partílag sem klikkar aldrei. Yfirgengilegur synthi sem er ómótstæðilegur á stofugólfinu.
- LAG 10** **Spank Rock - Rick Rubin.** Án efa frumlegasta rappsveitin í dag. Óendanlega grípandi og endalaust partí. (Leynilag: Wu Tang Clan - Protect Ya Neck. Gerir alla brjáláða og skapar skrifslæti, þess vegna einum of hættulegt.)

**HEIMAVÖRN SECURITAS**




## » birta mælir með ...

... **SIGLINGU UM LAGARFLJÓT** Á hverju kvöldi klukkan níu leggur Lagarfljótsormurinn, eina fljótaskipið á Íslandi, upp í tæplega tveggja tíma siglingu um Lagarfljót. Farið er af stað frá Atlavík, en þar er ægifagurt og tilvalið að tjalda innan um há tré og við róandi gjálfur öldunnar. Leiðsögumaður situr í enda veitingasalar með gítar í hönd, segir sögur og syngur þess á milli gleðilega söngva. Ef gestir ná góðri mynd af Lagarfljótsorminum er boðið upp á einnar milljón króna fundarlaun.



... **LADY IN THE WATER** nýjstu kvikmynd leikstjórans M. Night Shyamalan, sem segir frá dularfullri stúlku sem skýtur upp kollinum í sundlaug leiguíbúðablokkar og hefur óvænt áhrif á íbúana. Fyrir unnendur kvikmynda í ráðgátustíl.

... **PLÖTUNNI THE LOON MEÐ TAPES'N TAPES** Hreinræktuð gítarindírókkhljómsveit frá Minnesota. Hefur verið að fá frábæra dóma víðast hvar enda hér á ferð eðalgrípur. Vel grípandi og oft á tímum hráar gítarlínur við sveimandi hljóðgervil; blanda sem einfaldlega er erfitt að klúðra.



## Bleik Playstation 2

**NÝTT**

Gvöööð hvað þetta er sætt! Það nýjasta í tækniheiminum í dag er að framleiða bleikar útgáfur af vinsælum rafmagnstækjum, eins og GPS-tækjum, lófátölvum og þar fram eftir götunum, með það að leiðarljósi að höfða betur til þeirra sem finnst grá og svört tæki einfaldlega ekki nógu sæt. Nýjasta bleika græjan er Playstation 2 leikjatölvan sem kemur í verslanir í Bretlandi í nóvember. Líklega hefur einhverjum hjá Sony ekki þótt nógu að hafa tölvuna sjálfa og stýri-pinnana bleika, því henni fylgir einnig bleikt minnskort með Singstar-leiknum. Þó að Birta sé ekki viss um að notagildi rafmagnstækja, eða þörfin fyrir þau, aukist við það eitt að hafa þau bleik er hún viss um að konur, metrómenn og dragdrottningar allra landa munu sameinast um tækniundur eins og þetta af einfaldri ástæðu - allt sem er bleikt er svoóó sætt að við verðum að eignast það.



**DIESEL**  
FOR SUCCESSFUL LIVING

haust '06



Ný snið, nýir þvottar og ný frábær verð. Nýjar sendingar komnar í:

**galleri sautján** og **retro**  
Laugavegi 91 og Kringlunni Smáralind og Kringlunni



Texti: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR  
Myndir: VILHELM

## » DROTTNINGAR UM STUND

Íshestar bjóða í byrjun september upp á nýjung í sínum hestaferðum, svokallaða dekurferð fyrir hestakonur. Fararstjóri er Unnur Steinsson sem þekkir þá tilfinningu að vera drottning, um stund.

Út á hvað gengur þessi ferð?

Í rauninni út á svipað og aðrar hestaferðir, að vera í fallegu umhverfi, á góðum hesti og með góðu fólki. Þessi hestaferð er hins vegar bara fyrir konur og aukin áhersla lögð á dekur. Við verðum til dæmis með nuddara með okkur, fáum kynningu á snyrtivörum og ræðum ýmislegt sem við kemur kvennaheiminum.

Hvaðan verður haldið?

Við komum til með að gista í Saltvík, sem er hestamiðstöð Íshesta rétt fyrir austan Húsavík. Hjónin Bjarni og Elsa hafa gert upp stórt og mikið hús þar sem fara mun vel um okkur í uppáúnum rúmum. Þarna eru heitir pottar og allt til alls.

Hefur þú farið í svona kvennaferð áður?

Nei, ég hef ekki lent í því. Ég hef yfirleitt verið í blönduðum ferðum og þetta verður því spennandi.

Hefur þú verið fararstjóri áður?

Ekki heldur, en maður hefur nú oft ráðskast með hvert skuli halda og auðvitað er mikið umstang þegar maður skipuleggur hestaferð upp á sitt einsdæmi. Í þessu tilviki er búið að útbúa allan pakkann fyrir mann

og maður þarf bara að mæta á staðinn. Hestarnir þarna eru líka frábærir en ég var sjálf í hestaferð þarna í lok júní.

Hvert verður haldið?

Ferðin tekur þrjá daga og tvær nætur. Gist er í Saltvík báðar næturnar og keyrt í rútu til baka frá áfangastað. Hinn 1. september verður haldið af stað frá Saltvík, riðið gegnum Aðaldalshraun og endað í Torfunesi. Á laugardeginum, eftir heitan pott, teygjur og girnilegan morgunverð, verður riðið frá Torfunesi að Laugum með viðkomu hjá Goðafossi. Á lokadeginum verður haldið af stað frá Laugum og hringnum lokað í Saltvík.

Þurfa konurnar að vera vanar?

Ekki endilega enda hestarnir góðir. Það er auðvitað kostur að kunna að sitja hest, en þær þurfa ekki að vera á kafi í hestamennsku allt árið um kring. Þetta er til dæmis frábært fyrir konur sem hafa hætt í hestamennsku en dauðlangar að fara í hestaferðir.

Hve lengi er setið í hnakknum?

Þetta eru sex til sjö tímar á dag. Auðvitað fær maður strengi en þetta eru góðir streng-

ir og á öðrum stöðum en þeir sem maður fær venjulega í ræktinni.

Hvað er svona skemmtilegt við hestaferðir? Þegar maður hefur verið í tveggja daga hestaferð finnst manni eins og maður hafi verið í tveggja vikna fríi.

Hvað er innifalið í ferðinni og er hún dýr? Innifalið eru hestar, allur útbúnaður, gisting, fullt fæði og dekur. Þetta kostar álíka mikið og ef karlarnir okkar færu í veiðiferð í lúna á í einn dag.

Er mikill áhugi á þessu?

Það vantar ekki áhugann. Hins vegar þarf stundum að ýta við konum til að þær geri eitthvað fyrir sjálfar sig. Þær þurfa ekkert alltaf að vera með karlana með sér. Þessi ferð er líka ágæt þjálfun því hún verður alls ekki erfið og reiðleiðirnar eru frábærar.

Hvernig er að vera drottning um stund?

Þegar maður fer af stað í hestaferð gleymist allt annað. Maður hugsar ekki um vinnuna eða heimilið og er bara einn með sjálfum sér og náttúrunni og líður eins og drottningu.



# Hve margra þjóna vilt þú hafa?

Eitt sinn í árdaga rafmagnsins var sagt að not af rafmagni á heimili væri á við margra þjóna. Heimilistækin t.d. þvottavélin, örbylgjuofninn, eldavélin, ljósin og tölvurnar vinna margra manna verk á hverjum degi með hjálp rafmagns. Nú á dögum er þörf fyrir enn fleiri þjóna og þá getum við hjálpað.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



# Tákn, mál & tunga

Tashi Bradford er bandarískur 35 ára doktorsnemi í málvísindum. Hún hefur lært á annan tug tungumála, kennir spænsku með námi og notar sumarfríin til að ferðast um heiminn, oft sem túlkur. Það væri kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að Tashi hefur verið heyrnarlaus frá fæðingu.

Texti: EINAR ELÍ MAGNÚSSON



Tashi kennir við Gallaudet-háskólann í Washington, eina háskólanum í heiminum sem sérhæfir sig í almennu háskólanámi fyrir heyrnarlausa. Það er einmitt við sama skóla sem hún nemur málvísindi og vinnur nú að doktorsverkefni sínu. „Ég kenni ritaða spænsku en ekki talaða. Kennslan fer fram á bandarísku táknmáli og svo bæti ég við smá táknmáli frá Costa Rica,“ segir Tashi sem ólst einmitt upp þar í landi. „Þetta er bara alveg eins og þegar heyrandi fólk talar um önnur tungumál á sínu eigin.“

Málvísindi kunna að virðast skrítnir vettvangur fyrir heyrnarlausa en Tashi bendir á að í raun hafi þeir ákveðið forskot. „Málvísindi ganga út á að rannsaka tungumál, hvort sem þau eru talmál eða táknmál. Næstum allir sem eru heyrnarlausir læra tvö tungumál frá unga aldri, móðurmál sitt og táknmál, og eru því vanir því að greina tungumál,“ segir hún og ítrekar að táknmál sé ekki byggt á töluðu máli ekki bein tengsl þar á milli.

„Íslenskt táknmál hefur til dæmis annan orðaforða og aðra málfræði en töluð íslenska. Annað dæmi er að breskt táknmál og amerískt

táknmál er hvort sitt tungumálið. Munurinn er miklu meiri en þessi fáu orð sem eru ólík í talmáli. Sumstaðar eru svo til mörg táknmál. Í Víetnam eru töluð þrjú ólík táknmál,“ segir Tashi og er greinilega á heimavelli. „Ég hef alltaf verið hrifin af tungumálum. Bróðir minn byrjaði að kenna mér latínu þegar ég var átta ára. Þegar ég var átján ára komst ég fyrst í kynni við málvísindi og vissi strax þá að þau væri fyrir mig.“


Tashi hafði stutta viðkomu á Íslandi fyrr í mánuðinum á leið heim frá Kambódíu. „Doktorsverkefni mitt gengur út á fyrstu skráningar tákn máls sem verða til í samfélögum heyrnarlausra. Þá er ég að skoða orðabækur og aðrar ritaðar heimildir um táknmál í þróunarlöndum. Núna eru fjórir khmerar í Phnom Penh að gera fyrstu kambódísku orðabókina fyrir heyrnarlausa. Það hentaði mjög vel fyrir mína rannsókn og auk þess að víða að mér upplýsingum gat ég líka miðlað fróðleik og rétt þeim hjálparhönd.“

Málefni heyrnarlausra eru Tashi greinilega mjög hugleikin, og það ekki að ástæðulausu. „Við eigum okkur alþjóðlegt samfélag sem

Bretinn Paddy Ladd sagði að væri fjórði heimurinn sem gæti sameinað hina þrjá. Þau málefni sem brenna heitast á okkur eru atvinnuleysi og skortur á menntun. 90% af heyrnarlausum börnum um allan heim fara aldrei í skóla. Maður getur ekki einu sinni náð utan um þessa staðreynd, hlutfallið er svo hátt.“

Þremur dögum eftir heimkomuna frá Íslandi mun Tashi halda til Gvatemala þar sem hún verður túlkur fyrir hóp sammemenda sinna sem eru heyrnarlausir og sumir hverjir blindir líka. „Ferðalög mín um heiminn hafa mótað mig mikið. Ítalía stendur mjög nærri hjarta mínu og Ísland hefur mikil áhrif á mig líka,“ segir Tashi sem kann orðið sjö orð í íslensku og langar að læra tungumálið.

„Ég get búið til setningu ef hún er um kindur, fisk, fossa, litla hluti og orðið út. Svo mundi ég segja bless og hlaupa í burtu áður en fólk gæti svarað,“ segir Tashi hlajandi og skýtur því inn að íslenska táknið fyrir Ísland sé það sama og ameríska táknið fyrir að kveljast. „Kannski er það tilviljun, en ég er ekki viss,“ bætir hún við glettin.



# USS!

Með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Notaðu inneignina 1.990 kr. til að tala lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.

## USS!

ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT



SMS: 0 KR.  
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.  
1.990 KR. INNEIGN



Heyrumst!

# Skipulögð í óreiðunni

Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona er landsmönnum að góðu kunn fyrir leik á sviði, í sjónvarpi og á hvíta tjaldirinu. Í sumar tók hún þátt í Fullkomnu brúðkaupi, þrammaði um hálendið og er nú á leið til Akureyrar.

Fullkomið brúðkaup er farsí sem segir frá brúðkaupsundirbúningi þar sem allt gengur á afturfótunum. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum tók Edda við hlutverki brúðarinnar af Esther Thaliu Casey, sem á von á barni í haust og sneri sér því að sýningarstjórn verksins. Eddu fannst gaman að fara inn í sýningu með þessum hætti þó vissulega hafi það verið talsverð vinna, einkum þar sem hinir leikararnir voru orðnir þrautþjálfaðir í sínum hlutverkum, enda var verkið var sýnt fyrir fullu húsi svo mánuðum skipti hjá Leikfélagi Akureyrar.

## ALDREI SETIÐ INNI

„Mér fannst ágætis áskorun fyrir mig að koma svona inn í tilkeyrða sýningu, þar sem ég hef ekki reynt það áður,“ útskýrir Edda fyrir blaðamanni, þar sem við sitjum og spjöllum saman á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur. „Það var viss spenna sem fylgdi þessu. Svo fór ég reyndar að hugsa hvað væri það versta sem gæti gerst og hugsaði með mér að það væri að muna ekki textann. Þá minnti ég mig á að maður er ekki einn á sviðinu heldur umkringdur þaulreyndum leikurum sem kæmu þá til hjálpar. Þegar á hólminn kom gekk þetta eins og í sögu og frumraunin heppnaðist vel, enda góður hópur sem stendur að sýningunni.“ Edda segir undirbúninginn fyrir hlutverk brúðarinnar nokkuð ólíkan nálgunum sínum á önnur hlutverk. „Þegar ég undirbjó mig fyrir þetta hlutverk reyndi ég að fylgja eftir túlkun Estherar eins vel og ég gat meðal annars með því að horfa á upptökur frá sýningunni. Undir venjulegum kringumstæðum undirbý ég mig með því að leita eftir hliðstæðum við persónurnar úr raunveruleikanum. Svo nota ég auðvitað það sem ég hef upplifað í lífinu. Mestu máli skiptir að vera einlægur og þykja vænt um hlutverkið sitt. Þannig vinnur maður hlutverkið vel, fyrir utan að lesa vel handritið,“ segir hún.

„Ég hef hins vegar ekki fyrir vana að undirbúa hlutverk tukhúslíms með því að láta loka mig inni í fangaklefa svo dæmi sé tekið og finnst frekar fyndið að heyra svoleiðis sögur,“ bætir Edda við. „Eins og þegar Dustin Hoffman svaf ekki vikum saman fyrir kvikmyndina Marathon Man, sem varð til þess að mótleikari hans Sir Laurence Olivier spurði af hverju hann léki einfaldlega ekki persónuna.“

## ÆTLAÐI AÐ VERÐA MYNDLISTARMAÐUR

Edda hefur túlkað mörg hlutverk á fjölbreyttum leikferli. Hún vakti fyrst athygli fyrir leik- og sönghæfileika sína í hlutverki Magentu í uppfærslu Menntaskólans við Hamrahlíð á söngleikn-

um Rocky Horror árið 1991, þar sem ekki ómerkari menn en Páll Óskar Hjálmtýsson söngvari og Jón Atli Jónasson leikskáld voru að stíga sín fyrstu skref.

„Það mætti eiginlega segja að leikhús-bakterían hafi fyrst kviknað í Rocky Horror,“ segir Edda. „Fyrir þann tíma hafði ég ekki sýnt nein sérstök merki um að ég ætti eftir að verða leikkona, þótt mér hafi kannski fundist gaman að klæða mig í gömul fót sem barn. Í reynd hafði ég alltaf ætlað mér að verða myndlistarmaður, sótti til að mynda fullt af myndlistarnámskeiðum á sínum tíma, en með þáttökunni í Rocky Horror breytti líf mitt um stefnu.“

Leiðin lá því næst í Leiklistarskóla Íslands þaðan sem Edda útskrifaðist vorið 1998. Frá þeim tíma hefur Edda sýnt ótrúlega fjölbreyttu í starfi með túlkun á persónum eins og Lúsi í Túskildingsóperunni, Dódo, bæði í leikgerð og kvikmynd byggðri á skáldsögunni Mávahlátri eftir Kristínu Marju Baldursdóttur, og Ásu í Boðorðunum níu, en fyrir hlutverk sitt þar uppskar hún einróma lof gagnrýnenda og var tilnefnd til Grímunnar árið 2003.

Þrátt fyrir fjölbreytt hlutverkaval virðist sem fólk tengi hana einhverra hluta vegna fremur við gamanleik, sem má að hluta ef til vill rekja til þátttöku hennar í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Stelpunum og Svínasúpunni. Skyldi hún ekki vera hrædd við að fólk líti fyrst og fremst á hana sem gamanleikkonu?

„Hætti fólk við að tengja mig við gamanleik fremur en annað, er það kannski vísbending um að ég þurfi að sýna betur á mér aðrar hliðar,“ svarar Edda án þess að hugsa sig um og yfir hana færast dularfullt bros. „Ég held að maður þurfi að vera góður gamanleikari til að vera góður dramatískur leikari,“ bætir hún við og hlær. „Að mínu mati sameinar Eggert Þorleifsson leikari hvory tveggja. Hann er einn fyndnasti maður sem ég veit um, jafnframt því sem hann getur fengið mann til að gráta. Mig langar þó helst til að leika grátbroslegar persónur, svipuðum þeim og koma fyrir í verkum Antons Chekhov eða Woodys Allen. Þessir menn eru sannkallaðir meistara í að sýna hversu stutt skil eru á milli harmrænna og skoplegra atvika í lífinu.“

## BRÚÐKAUP UNDIR BERUM HIMNI

Edda hefur þó sýnt að henni er margt fleira til lista lagt en að geta leikið. Á ferlinum hefur oft reynt á sönghæfileikana, sem hafa komið að góðum notum í verkum eins og Grease, Kysstu mig Kata og Átta konum. Þegar söngurinn berst í tal, verður Edda hins vegar hógværðin uppmáluð og vill sem minnst úr honum gera. „Ætli það reyni þó ekki mest á röddina heima hjá mér, enda

„Ég held að maður þurfi að vera  
góður gamanleikari til að vera  
góður dramatískur leikari.“



Viðtal: ROALD VIÐAR EYVINDSSON  
Myndir: VALLI  
Súlfisti: HILDUR HAFSTEIN  
Fórðun: ELÍN REYNISDÓTTIR



er ég svo lánsöm að vera gift tónlistarmanni sem leikur undir,“ segir hún og brosir út í annað, en eiginmaður hennar er Stefán Már Magnússon, gítarleikari úr hljómsveitinni Geirfuglum, og sonur Magnúsar Eiríkssonar sem samið hefur mörg af ástsælustu lögum Þjóðarinnar.

Edda og Stefán kynntust árið 1999 og létu síðan þússa sig saman á Hellsigerði fyrir fjórum árum við fallega athöfn, en Hellsigerði völdu þau af því að bæði eru miklir náttúruvinnendur. Edda hefur einmitt orð á því að hún megi vart hugsa til Kárahnjúkavirkjunar sem henni finnst hafa verið ráðist í án verulegrar fyrirhyggju. „Þegar við hjónin förum í fjögurra daga göngu um þetta stórkostlega svæðið í sumar, áttaði ég mig á því að íslenskt Þjóðfélag er svo ungt að við erum eins og unglingur í leit að sjálfsmynd, sem lætur kannski tattúvera sig með leikarakerfi Strætó vegna áhrifa frá Prison Break. Við sem Þjóð verðum að vita hver sérstaða okkar er og fyrir hvað við stöndum. Mál eins og Kárahnjúkavirkjun eiga auðvitað að fara í Þjóðaratkvæðagreiðslu, því ósnortin náttúra er mikil og fágæt verðmæti.“

Talið berst nú aftur að brúðkaupi Eddu og Stefáns. Ólíkt raununum sem brúðhjónin rata í í Fullkomnu brúðkaupi, segir Edda undirbúninginn að eigin brúðkaupi hafa gengið nokkuð áfalla-

*„Mestu máli skiptir að vinna í góðum hópi og hafa góða sögu að segja. Það færir mér hamingju.“*

laust fyrir sig. „Vinir sungu og léku okkur Stefáni til heiðurs á brúðkaupsdeginum úti í garði heima hjá foreldrum mínum, og túlkuðu meðal annars sérstakan frjósemisdans með nokkuð eftirminnilegum hætti, uppábúinir sem egg og sáðfrumur. Bragðið hlýtur að hafa hrifið vegna þess að ég fæddi son níu mánuðum seinna, sem heitir Kolbeinn Daði og er nú þriggja ára,“ segir hún hlæjandi.

Spurð út í móðurhlutverkið viðurkennir Edda að henni hafi í fyrstu fundist svolítið erfitt að samræma óreglulegan starfstíma leikarans og fjölskyldulífið. „Ætli ein meginástæðan hafi ekki verið sú að ég vildi líkja eftir ömmu minni sem bakar reglulega rúgbrauð og steikir kleinur og er með allt sitt á hreinu. Ég er og hef hins vegar ætíð verið svolitill sveimhugi eins og vinir og vandamenn geta nú vitnað um, þannig að mér reyndist þetta erfitt verk. Þegar ég fór að setta mig við að ég gæti líklegast ekki haldið heimili eins og amma varð þetta léttara og ég hef tekið miklum framförum, sérstaklega eftir að ég fór að halda dagbók.“

Edda skýtur inn sögu af því hvernig hún varð bensínlaus á leiðinni í skírnarveislu fyrir skömmu, en þar sem hún hafi lagt af stað með góðum fyrirvara, viðbúin því að eitthvað gæti komið upp á, náði hún á leiðarenda á réttum tíma. „Þetta er gott dæmi um hina nýju Eddu, sem er skipulögð í óreiðunni. Svo hefur uppþvottavélin létt mikið undir með mér en hún er sjálfsagt ein besta uppfinning fyrr og síðar,“ segir Edda og blaðamaður tekur heilshugar undir það.

#### Á LEIÐINNI NORÐUR

Nóg er að gera hjá Eddu um þessar mundir. Hún mun starfa með Leikfélagi Akureyrar til áramóta við sýningar á Herra Kolpert, og síðan í nýju verki Hugleiks Dagssonar í Þjóðleikhúsinu á nýju ári, eftir að hafa mestmegnis starfað í Borgarleikhúsinu frá árinu 1998. Um vistaskiptin segir hún bæði gaman og nauðsynlegt að skipta um starfsumhverfi endrum og eins til þess að staðna ekki í starfi. „Hlutirnir koma náttúrulega ekki sjálfkrafa upp í hendurnar á leikurum heldur verða þeir að vera duglegir að bera sig eftir þeim,“ segir hún. „Mestu máli skiptir að vinna í góðum hópi og hafa góða sögu að segja. Það færir mér hamingju.“

Herra Kolpert, sem sýnt verður hjá Leikfélagi Akureyrar, er í leikstjórn Jóns Páls Eyjólfssonar. „Þetta er eins konar „splatter“ stofudrama ef svo má segja, en í verkinu er þeirri spurningu velt upp til hvaða bragða fólk kann að grípa sem á allt og leiðist. Ég hlakka mikið til að byrja að vinna að þessu verki. Ég las það fyrst fyrir tveimur árum og leist mjög vel á, svo ég sló til þegar mér bauðst þátttaka. Við fjölskyldan munum búa í fallegu gulu húsi á eyrinni á meðan ég æfi fyrir leikritið.“

Auk Eddu kemur fjöldi þekktara leikara að verkinu, svo sem Unnur Ösp Stefánsdóttir, Guðjón Karlsson, Gísli Pétur Hinriksson og Ólafur Steinn Ingunnarson. Spennandi verður að sjá hvernig Edda tekst til í hlutverki sínu og aldrei að vita nema hún sýni á sér nýjar og óvæntar hliðar.

# X – Ceptional Wear Make-up Hinn fullkomni farði frá Gosh!



**X- Ceptional**  
farðin gefur  
húðinni  
náttúrulegt útlit.  
Húðin verður  
silki mjúk.

Viðheldur  
eðlilegum  
raka í húðini  
Farðin helst  
lengi á

Inniheldur  
E- vítamín  
UV Filter  
Ilmefnalaus



» Margir þekkja glerverkin hennar Sigríðar Ásgæirdóttur sem kölluð er Systa. Steinda glerið í Langholtskirkju og í Þjóðarbókhöðunni og svörtu lágmyndirnar í kaffistofu Norræna hússins, afgreiðslusal Glitnis í Lækjargötu og höfuðstöðvum Kreditkorta í Síðumúlanum eru hennar verk.

Viðtal: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR  
Myndir: HÖRÐUR OG ÚR EINKASAFNI



Glermynd í glugga.

## Langaði að vinna með ljósið

Sjálfsagt eru þeir margir sem umgangast listaverkin hennar Systu á hverjum degi sem hluta af daglegu umhverfi og án þess að hugleiða hver höfundurinn er. Því var tekið hús á henni einn góðviðrisdaginn til að kynna manneskjunnar og viðfangsefnum hennar. „Eiginlega má skipta verkum mínum í tvennt. Glerverk sem birtan hefur áhrif á og lágmyndir á vegg sem lúta lögmáli höggmyndalistarinnar. Þau síðarnefndu kalla ég svörtu verkin því þau hleypa ekki birtu í gegnum sig,“ segir Systa og heldur áfram. „Glerið sem hráefni er tímalaust og hægt er að gera við það hvað sem er. Það er byggingarefni í mjög hraðri þróun sem gefur listamanninum nýja og nýja möguleika.“

### RASSINN HÆSTI PUNKTUR

Systa kveðst vera dálítill sveitastelpa í sér

þó uppálin sé á mölinni. „Ég sæk hugmyndir mínar mikið í náttúruna. Lauf eru mér afar kær, jörð, klettur og sjór,“ segir hún og kveðst til dæmis hafa yndi af að tína kuðunga, skeljar og grjót. „Þú getur þekkt mig í fjöru því rassinn er alltaf hæsti punktur,“ segir hún hlajandi og bætir við, „og þegar ég missi stein þá get ég næstum farið að gráta yfir að hafa tapað honum þó að milljón milljónir steina liggi við fætur mína. Hann var Steinninn!“ Systa tók BA próf frá ECA, listaháskólanum í Edinborg og ári seinna lauk hún postgraduate diploma. „Ég fór til Edinborgar vegna þess að í listaháskólanum þar var boðið upp á sérstakt nám í steindu gleri. Mig langaði alltaf svo að vinna með ljósið,“ útskýrir hún. „Bíómyndir eru kannski algengasti ljósmiðillinn en mér fannst glerið áhrifameira af því það er eilíft eins

og náttúran og tekur stöðugum breytingum eftir birtuskilyrðum. Svo var ég í skúlptúr í skólanum sem hliðargrein.“

### HEIMSÁLFA Á MILLI

Eins og fyrr segir er glerverk Systu víða að finna bæði í opinberum stofnunum og heimahúsum. Nýlokið er uppsetningu á verki í höfuðstöðvum Landsbankans í Austurstræti og annað verk er rétt ósett upp í Háskólanum á Akureyri. Það á að ná frá fjórðu hæð upp á þá sjöundu. Hún hefur haldið sýningar reglulega, bæði ein og með öðrum og tilheyrir alþjóðlegum hópi listakvenna sem hefur sýnt saman annað hvert ár á heimaslóðum hveurrar og einnar. „Við byrjuðum hér á Íslandi,“ rifjar hún upp. „Sú sem tekur á móti hópnum hefur þá skyldu að sýna það sem henni finnst best við sitt land. Svo



Allt að  
**70%**  
afsláttur

# STÓRÚTSALA



Parket - flísar - náttúrusteinn - hurðir - þiljur - baðtæki - heitir pottar - pallaefni

**Egill  
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík  
595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)

höldum við sýningar og fyrirlestra og förum í skólana. Þetta er bæði fróðlegt og skemmtilegt því við höfum haldið sýningar í mörgum þjóðlöndum, meðal annars Japan, Kanada og Nýja-Sjálandi. Næst verðum við í Ástralíu.“

#### SAFNAR FUGLABÚRUM

Það er heimilislegt kringum Systu. Í einni gluggakistunni eru snotur pappírsværk sem líkjast litlum kverum. Hún segir þau vera hobbýið sitt. „Þetta liggur nú bara hér þangað til einhver kemur og kaupir,“


segir hún. „En öll svona vinna kveikir hugmyndir að stærri verkum.“ Fleira forvitnilegt og fallett er að sjá á heiminu svo sem innrömmuð fiðrildi, egg og skeljar. Fuglabúr er eitt af því sem áhugi Systu beinist að og þau á hún mörg og mismunandi. „Þessi búr eru hvaðanæva að úr heiminum. Einhver sálfræðingur mundi sjálfsgagt telja söfnun þeirra til merkis um að ég væri sjálf inniklemmd en svo er ekki. Búrin eru listaverk í mínum huga og út úr þeim má lesa ýmis einkenni um arkitektúr hverrar þjóðar.“



Uppistaðan í þessu verki er lýsispillur enda hangir það uppi í höfuðstöðvum Lýsis.




Systa með köttinn Kalla.



Hluti hliðarglugga í Langholtskirkju.



Bókverk - Blóm.



Glermynd í glugga.



„Ingimundur“ í fyrirtækinu Ingimundur hf.

# TOSHIBA



MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI



## TOSHIBA REGZA ÖRPUNN 42" LCD Á VEGG EÐA BORD

Ótrúleg myndgæði!  
- það fullkonnasta í dag

Kynningarverð: kr 399.900 stgr



Viðurkenning í What Video  
september 2006: 5 stjörnur

framtíðin  
hefst  
núna...

HD  
ready

Full HD upplausn  
1920 x 1080 pixlar



## Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)



# TURNING LEAF: Vinsæl vínlína á hagstæðu verði

Turning Leaf-vínin frá Gallo hafa verið vinsæl hérlendis, enda fjölbreytt og á hagstæðu verði. Gallo er öflugasta vínfyrirtæki í veröldinni og hefur unnið til fjölda verðlauna á liðnum árum. Til dæmis hefur Gallo unnið titilinn besti vínframleiðandinn 3 ár í röð á Vintaly-vínsýningunni í Verona á Ítalíu.

Gallo var stofnað í Kaliforníu af bræðrum af ítölskum uppruna, Ernest og Julio að nafni, og varð á nokkrum áratugum að öflugasta vínfyrirtæki veraldar. Enn í dag er Gallo rekið sem fjölskyldufyrirtæki. Gallo hefur verið í stöðugri þróun og á síðustu árum hefur verið lögð gífurleg vinna og fjármagn í að gera fyrirtækið að tákni gæðaframleiðslu. Ekki síst hefur sú fjárfesting átt sér stað í Sonoma-dalnum, þar sem ekkert hefur verið sparað til að vín Gallo skipi sér í fremstu röð.

## Turning Leaf Zinfandel:

Zinfandel er án efa þekktasta afurðin í Turning Leaf-línunni hérlendis, þéttur ávöxtur og mikil kryddflóra, svartur pipar, súkkulaði og kaffi einkenna oft stærstu zinfandel-vínin. Er afbragð með lambi og er eitt af fáum vínum sem ráða við reykt kjöt, er til að mynda mjög gott með svínakjöti.

*Verð í Vínbúðum 1.220 kr.*

## Turning Leaf Chardonnay:

Suðrænir ávextir í bland við nýja mjúka eikartóna. Fellur vel að flestum fiski, þá sér í lagi feitara fiskmeti, til dæmis reyktum og gröfnum laxi. Einnig ljósum kjötréttum á borð við kalkún og kjúkling, sem og svínakjöti.

*Verð í Vínbúðum 1.220 kr.*

## Turning Leaf Cabernet Sauvignon:

Vín unnin úr cabernet sauvignon eru þegar best lætur kraftmikil og öflug, sólber og skógarber í bland við nýja mjúka eik, og það einkennir þetta einfalda en vel samstillta vín. Fellur vel að flestu kjötmeti, svo sem lambi, grís, kalkún og nauti.

*Verð í Vínbúðum 1.220 kr.*



# Kvöldstund með Eyfa & Co

## Tvennir tónleikar í Borgarleikhúsinu

1. sept. 2006 kl. 20:00 og 22:00

Sannkölluð tónlistarveisla  
8 manna hrynsveit  
16 manna strengjasveit



### Öll helstu lög Eyfa:

Álfheiður Björk

Ástarævintýri

Breyskur maður

Dagar

Danska lagið

Ég lifi í draumi

Gott

Kannski er ástin

Nína

o.fl. o.fl.

## Eyjólfur Kristjánsson & gestir:

Bergþór Pálsson, Björgvin Halldórsson, Björn Jörundur,  
Ellen Kristjánsdóttir, Jón Jósep & Stefán Hilmarsson.

Hrynsveitina skipa:

Birgir Nielsen (slagverk), Eyþór Gunnarsson (hljómborð), Friðrik Sturluson (bassi),  
Jóhann Hjörleifsson (trommur), Jón Elvar (gítar), Jón Ólafsson (hljómborð),  
Sigurgeir Sigmundsson (gítar) & Sigurður Flosason (saxófónn & slagverk).

Bakraddir: Berglind Björk, Guðrún Gunnarsdóttir og Ingi Gunnar.

16 manna strengjasveit undir stjórn Póris Baldurssonar.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

www.borgarleikhusid.is  
s: 568 8000

# Ótrúlega mjúkur kjúklingur

Það er fátt þægilegra og öruggara í matargerð en að skella heilum kjúklingi í ofninn. Flestum þykir slíkur matur góður en það skemmtilega við kjúklinginn er að það má bragðbæta hann á ótal vegu. Það má að sjálfsgöðu fylla hann eins og kalkún til að fá bragð inn í kjötið, setja inn í hann sítrónu, lauk eða ferskar kryddjurtir. Síðan má búa til fyllingu til að stinga undir húðina á kjúklingnum eins og hér er uppskrift að og smyrja afgangnum af henni vel utan á fuglinn. Látið hann malla í rúman klukkutíma, nýtið ykkur ofnskúffuna og gott soð til að elda grænmeti með og bera fram með einfaldri kartöflustöppu. Verður varla betra!

Heill kjúklingur  
Sítróna, skorin í tvennt  
Ferskt grænmeti að eigin vali,

*Fylling:*  
200 g mjúkt smjör  
Hnefafylli fersk steinselja, söxuð  
3 greinar ferskt rósmarín, blöðin tekin af greinunum og þau söxuð  
2 hvítlauksrif, söxuð  
3 vorlaukar, smátt saxaðir  
2 msk pernod (aníslikjör) má sleppa, en gerir gott  
Fínt rifinn börkur af sítrónu  
Safi úr hálfri sítrónu  
Sjávarsalt og svartur pipar

Hrærið saman allt hráefnið í fyllinguna. Setjið sítrónuhelmingana inn í kjúklinginn. Takið kjúklinginn og gerið lítið gat á húðina á bringunni hvoru megin. Stingið fingri niður í gatið og veltið honum til undir húðinni svo myndist holrúm. Þar ofan í troðið þið hluta af smjörfyllingunni, þrýstið á og jafnið fyllinguna út á bringunni. Það sama má gera við lærin. Nuddið afgangnum af fyllingunni utan á kjúklinginn og leggið 2 heilar rósmaringreinar ofan á hann. Setjið í ofnskúffu eða pott og inn í 180 gráða

heitan ofn í 30 mín. Að þeim tíma liðnum er gott að setja gulrætur, kartöflur, ferskan aspas, sellerí, sætar kartöflur og ýmislegt annað í ofnskúffuna/pottinn og stinga aftur inn í ofninn í 40 mín. en hækka hitann í 200 gráður. Síðustu mínúturnar er gott að hafa pottinn loklausan og láta kjúklinginn brúnast aðeins að ofan áður en hann er borinn fram. Á þennan hátt verður kjúklingurinn mjög mjúkur og kjötið bragðgott af kryddinu. Kartöflustappa sem meðlæti á einkar vel við.



# ÞÚ BERÐ HANN EKKI UTAN Á ÞÉR



Í 100 ML AF VÍKING LITE:

PRÓTEIN 0.36 G

KOLVETNI 0.8 G

HITAEININGAR 29 KKal.

# Fyrst og fremst áhorfendaleikhús

» Síðasta leikár Leikfélags Akureyrar var algjört metár. Áhorfendur fylltu leikhúsið sýningu eftir sýningu og flestir gagnrýnendur máttu vart vatni halda. Erfitt verður að fylgja slíkum árangri eftir en Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri lítur frekar á það sem hvatningu en pressu.

„Það er hægt að láta góðan árangur þvælast fyrir sér og ef við hefðum orðið heltekin af því að toppa okkur í aðsóknartölum þá myndi það enda með ósköpum,“ segir Magnús Geir. „Þess vegna ákváðum við að halda okkar striki og velja verk sem okkur finnst góð og kraftmikil og ættu að geta hreyft við fólki.“

Verkefnaval ársins ber vott um meiri djörfung en í fyrra. Þar er ekkert stykki sem við fyrstu sýn virðist dæmigert „kassastykki“ enda játar Magnús Geir að þegar reksturinn gangi vel leyfi menn sér að taka örlítið meiri áhættu. „Við erum fyrst og fremst áhorfendaleikhús og viljum bjóða upp á aðgengileg og skemmtileg verk sem höfða til breiðs hóps á sama tíma og við ögrum og hristum uppi í fólki,“ segir Magnús Geir. „Við viljum forðast að endurtaka okkur og það er ein meginástæða fyrir því að við komum ekki með Fullkomið brúðkaup II,“ bætir hann við og hlær.

Fyrsta verk vetrarins verður barnasýningin Kárius og Baktus í leikstjórn Ástrósar Gunnarsdóttur. Sýningin er í styttri kantinum, einungis um hálf klukkustund og því tilvalin fyrir yngstu áhorfendurna sem eru að kynna leikhúsinu í fyrsta sinn. Það eru félagarnir Guðjón Davíð Karlsson og Ólafur Steinn Ingunnarson sem leika Kárius og Baktus en hljómsveitin 200.000 naglbítar mun sjá um tónlistina og verður forvitilegt að sjá útkomuna.

Önnur sýning leikársins er Herra Kolbert. Allt frá því verkið var frumsýnt í London árið 2000 hefur það vakið mikla athygli hvar sem það hefur verið sýnt. Leikritið á að sameina spennu og átök Hitchcocks, undarlegheit Pinters, fáránleika Ionescos og ómótstæðilegan húnor. Einn athyglisverðasti leikstjóri landsins heldur um stjórnentauma Herra Kolberts, Jón Páll Eyjólfsson, en í fyrra leikstýrði hann Maríubjöllunni og hlaut mikið lof fyrir Svartur köttur hreiðrar svo um sig á sviðinu fyrir norðan rétt eftir áramót. Hér er á ferð verk eftir Martin McDonagh en árið 2002 var það valið gamansýning ársins í Bretlandi. Verkið er blóðugt og fullt af kolsvörtum húnor. Magnús Geir mun sjálfur leikstýra verkinu sem er, eins og gagnrýnandi Time Out komst að orði, „Monty Python í einni sæng með Quentin Tarantino“. Framtíðin fær einnig að reyna fyrir sér en síðasta verk leikársins er Lífið-notkunarreglur. Sýningin er unnin í samvinnu við útskriftarárgang leiklistardeildar Listaháskóla Íslands og er lokaverkefni hans. Þorvaldur Þorsteinsson leikskáld semur verkið og Kjartan Ragnarsson leikstýrir þannig að þarna er um nýtt alíslenskt verk að ræða.

Nánari upplýsingar um verkin og aðrar upptakur verður hægt að nálgast á heimasíðu LA, [www.leikfelag.is](http://www.leikfelag.is).



Magnús Geir leikhússtjóri leggur mikið upp úr því að hreyfa við áhorfendum.



Práinn Karlsson verður á sínum stað í vetur. Fréttablaðið: KRISTJÁN KRISTJÁNSSON





NJÓTTU LÍFSINS  
MEÐ HEILBRIGÐUM  
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er fráþætt hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánaast fitulaust.

Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



Skýr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

# Flottar haustvörur

*Kynning*



Focus - Kringlunni  
Verð kr. 7.990



Next - Kringlunni  
Verð kr. 4.990



Benetton/Sisley - Smáralind  
Verð kr. 16.695  
einnig til í svörtu



Focus - Kringlunni  
Verð kr. 3.990



Next - Kringlunni  
Verð kr. 7.990





Focus - Kringlunni  
verð kr. 10.990



Next - Kringlunni  
Verð kr. 2.790



Next - Kringlunni  
Verð kr. 3.390



Focus - Kringlunni  
verð kr. 4.990



Gallabuxnabúðin -  
Kringlunni  
Verð kr. 8.900



Focus- Kringlunni  
Verð kr. 6.990

Chad Hugo og Pharrell Williams  
Flottir á leiðinni í partí fyrir Grammy-ver-  
launahátíðina sem haldin var fyrr á árinu.

## Þvalir með eindæmum

Texti og umsjón: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON  
Myndir: GETTY IMAGES OG HRÖNN AXELSDÓTTIR

Félagarnir Chad Hugo og Pharrell Williams eru tveir af farsælustu tónlistarmönnum seinni ára en þeir hafa unnið með öllum helstu stjórnnum poppeimsins í dag. Saman skipa þeir dúettinn Neptunes, en þeir eru ekki einungis frægir fyrir tónlist sína því fatasmekkur þeirra þykir með eindæmum góður. Pharrell hefur þó alltaf verið mun meira áberandi en Chad, en það verður að segjast alveg eins og er að Chad er aðeins flottari en Pharrell á þessari mynd þó svo hinn hafi nú yfirleitt vinninginn. Báðir eru þeir þó eitursvalir og ættu margar aðrar karlmannsstjörnur, sem klæðast yfirleitt engu öðru en gallabuxum og bol eða jakkafötum, að taka þá féлага sér til fyrirmýndar.



HVÍTIR SKÓR - SKÓR.IS

HNEPPT PEYSA - RETRO

SKYRTA - TOPSHOP

JAKKI - DRESSMANN

HVÍTT BÉLTI - URBAN OUTFITTERS

BUXUR - KULTUR

BUXUR - DRESSMANN

SVARTIR SKÓR - ZARA



# JOOP! JUMP

LEAP OUT OF YOUR SUIT

THE UNCONVENTIONAL NEW FRAGRANCE FOR MEN





**Sigríður B. Tómasdóttir**  
elur upp

## Með barn á bakinu

Ég var full tilhlökkunar þegar sumarfríð hófst. Spannandi ferðalög framundan og góðar samverustundir með fjölskyldunni. Í fyrra fórum við fjölskyldan víða með Tómas litla rúmlega hálfis árs gamlan, rétt nýfarinn að borða og varla farinn að færa sig úr stað að ráði. Það var þægilegt að mörgu leyti, drengurinn svaf af sér langar bílferðir og var hinn viðráðanlegasti.

Eins og hálfis árs gamall drengur hleypur um allt og sefur minna en hálfis árs gamall og því vissi ég ekki fyrir víst hvort langferðalag um hálendi og sveitir væri snjallræði. En það var ekki um annað að ræða en að halda af stað og komast að því hvernig stráknum myndi líka lífið.

Það er skemmt frá því að segja að hann lagaði sig fljótt og vel að lífi ferðalangans. Svaf sem fastast í tjaldi, líkaði lífið vel í Svarfaðardalnum og kvartaði ekkert yfir viku á Akureyri. Sem betur fer undi hann sér ágætlega í bílnum líka – ekki spillti þegar me me eða gobbedí bar fyrir augu.


Hápunktur ferðalagsins var svo ævintýraferð mikil upp á hálendi Íslands. Fjögurra daga trússferð þar sem litli snáðinn var settur í þartilgerðan bakpoka á daginn og gengið með hann allt að 20 kílómetra á dag. Lítið hafði reynt á polinmæði drengsins fyrir ferðalögum af þessu tagi áður en lagt var í hann og því krosslögðum við foreldrarnir fingur og vonuðum hið besta.

Og okkur varð að ósk okkar. Hann hvatti foreldra sína til dáða með því að hrópa dabbi dabbi sem þýðir labbi labbi, þegar við blésum mæðinni. Hann blundaði öðru hvoru og labbaði alsæll um holt og móa þegar við fengum okkur hressingu. Fjallaferðir eru sem sagt ekki útilokaðar með lítinn pilt á bakinu. Tómas var ferðafélagi hinn besti fannst okkur og öðrum í hópnum líka að því ég best veit. Við foreldrarnir vorum reyndar örpreytt eftir ferðina en náðum að slaka á í Hallormstaðarskógi áður en lagt var í hann til Reykjavíkur á nýjan leik. Eftir tæpra þriggja vikna úthald komum við aftur heim. Og erum strax farin að hugsa um næsta sumar, hvernig verður sumarferðin með tveggja og hálfis árs gamlan dreng?

## EINN, TVEIR & ÞRÍR!

Frá eins til tveggja ára aldri eiga börn til að fá heiftarleg frekjuköst. Það getur verið erfitt að vera svona lítil og hafa svona mikinn vilja og skilja ekki alveg af hverju heimurinn er ekki takmarkalaus. Barninu er samt gerður mesti greiðinn með því að foreldrar taki markvisst á þessum köstum. Börnum líður yfirleitt best þegar reglurnar eru skýrar og þau finna fyrir aga. Enda eru þessi frekjuköst afskaplega þreytandi, bæði fyrir börn og foreldra. Það eru til ýmsar leiðir fyrir foreldra til að takast á við köstin og mikilvægt að hver og einn finni leið sem hentar sér vel og barninu. Hér eru nokkrir góð ráð:

- » Skýrar reglur eru númer eitt, tvö og þrjú. Barnið verður að finna að það skiptir ekki máli hvar það er statt, hvenær sólarhrings það er eða í hvernig skapi foreldramir eru þegar tekið er á málinu.
- » Jafnvel þótt börn geti verið ósköp fyndin og jafnvel krúttleg í frekjuköstum er mikilvægt að hlæja ekki að þeim. Þau geta ómögulega skilið þau skilaboð frá foreldrum sínum.
- » Reynið að halda ró ykkar. Ef barnið finnur fyrir miklum perringi, reiði eða slíku frá foreldrum sínum þá æsist það allt upp og verður æstara ef eitthvað er.
- » Ljúfurlagi hentar betur en refsing. Það er mikill munur þar á, með refsingu lærir barnið ef til vill að hætta rangri hegðun en með aga lærir barnið rétta hegðun.
- » Foreldrar þurfa að vera samtaka og sammála um hvað megi og hvað megi ekki. Ósamkvæmni á milli foreldra gerir barnið ringlað og óruggt.
- » Einvera virkar oft vel á börn. Til eru margar leiðir, svo sem reglan 1,2 og 3, þegar barnið fær þrjú tækifæri áður en það verður til dæmis að fara inn í herbergjið sitt. Yfirleitt eru börn jafnmargar mínútur þar ein og árin þeirra eru.



Best er þó að fylgja eigin hyggjuviti í þessum málum sem og öðrum uppeldismálum. Það er hollt fyrir foreldra að setjast niður saman og ræða mögulegar leiðir og reglur. Aðalmálið er að foreldrar viti sjálfir hvernig þeir vilja takast á við börnin sín en ekki gera það ómarkvisst og óreglulega.



## Prinsessuhár

